




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Klettaborg

2013 – 2014



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

**Að börnum og ungmennum í borginni líði vel,
fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.**

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	4
1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.....	4
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans 2012-2013 og umbótaáætlun 2013-2014	5
2.2 Ytra mat 2012-2013 og umbótaáætlun 2013-2014	11
2.3 Matsáætlun 2013-2014	13
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	14
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár (aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun)	14
3.2 Áherslur leikskólans vegna starfsáætlunar skóla- og frístundasviðs 2013	14
4. Starfsmannamál	15
4.1 Starfsmannahópurinn 1. júní 2013.....	15
4.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)	16
4.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.).....	16
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	16
5. Aðrar upplýsingar	17
5.1 Barnahópurinn 1. júní 2013.....	17
5.2 Foreldrasamvinna.....	17
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	17
5.4 Almennar upplýsingar	18
5.5 Áætlanir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans	18
5.6 Fylgirit	18
5.6.1 Matsgögn – fylgirit.....	19
5.6.2 Leikskóladagatal - fylgirit.....	20
5.6.2 Leikskóladagatal – fylgirit	21
5.6.3 Umsögn foreldraráðs – fylgirit	22

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

Gleði, virðing og öryggi eru leiðarljós Klettaborgar ásamt því að málumhverfi barnanna sé frjótt og skapandi.

1. Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta leikskólaári.

(s.s. hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburði o.þ.h.)

Leikskólastarfið í heild gekk vel. Áætlanir stóðust að mestu leiti, þó var minna unnið með ákveðin verkefni en áætlað var og verða þau áfram næsta vetur.

Veturinn bar keim af því að ný aðalnámskrá er komin út og leikskólinn er í fyrstu skrefunum að innleiða hana í endurskoðaða/nýja skólanámskrá. Flestir starfsmenn sóttu fræðslu sem tengdist grunnþáttum og námssviðum aðalnámskrár. Á skipulagsdögum voru alltaf einhverjir þættir tengdir þeirri vinnu, m.a. voru leiðarljós aðalnámskrár tengd við verkefni í starfi með börnunum.

Þessi vetur er sá þriðji þar sem unnið er með þjóðsögu með öllum börnum. Fyrir valinu var sagan „Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn“. Verkefnið var undirbúið í starfsmannahópnum fyrir áramót og fór til barnanna eftir áramót. Allir eru sammála um að það hafi verið skemmtilegt bæði fyrir börn og starfsfólk. Þó svo að nokkuð álag hafi verið eftir áramót vegna faliðunar í starfsmannahópnum, þá lögðust allir á eitt og létu þetta verkefni hafa forgang í vinnu með börnunum.

Vinnuferli yngri barnanna í þjóðsöguvinnunni var sýndur í máli og myndum á Stóra leikskóladeginum í Ráðhúsinu í byrjun júní '13 og vakti þar verðskuldaða athygli.

Matsteymi leikskólans sem stofnað var veturinn 2010-2011 er enn að þróa sína vinnu og aðkomu að mati á leikskólastarfinu. Haldnir voru sex fundir ýmist á vinnutíma eða utan vinnu. Matsteymið fylgdi eftir matsáætlun og kallaði eftir niðurstöðum.

Í starfsviðtölum starfsmanna kom fram almenn ánægja með leikskólastarfið, sérstaklega hefur þjóðsöguverkefnið gengið vel og allir starfsmenn áttu hlutdeild í því eftir áhugasviði. Þar hefur mannauður leikskólans nýst vel.

Lokað var í fjórar vikur að sumri vegna sumarleyfa. Er þetta gert vegna hagræðingar í rekstri.

Flest elstu börnin hættu um sumarlokun leikskólans eða þegar grunnskóli hófst og því komu fá ný börn yfir sumarið en að mestu er aðlögun nýrra barna í lok ágúst og september. Þátttökuáðlögun hélt áfram þennan vetur og er mikil ánægja með þessa aðferð meðal foreldra og starfsmanna.

Þrengt hefur verið að rekstrarumhverfi leikskóla með því að minnka afleysingu. Erfitt er að halda uppi áætluðu starfi með þeim verkefnum sem fyrirhuguð eru í starfsáætlun þegar forföll verða. Í vetur settu forföll í starfsmannahópnum mark sitt á starfið, því ekki fékkst afleysing eins og þörf hefði verið á. Það bitnar m.a. á því að dagskipulagið verður einfaldað og ákveðnir þættir/verkefni falla niður og kennarar komast síður í undirbúningstíma.

Tvisvar sinnum voru börn (alls 17 börn)send heim vegna faliðunar í starfsmannahópnum, því ekki var talið að mati leikskólastjóra að öryggi þeirra væri tryggt. Á hverju hausti er uppfærð viðbragðsáætlun vegna öryggis barna ef forföll starfsmanna fara yfir ákveðin mörk.

Rekstrarfjármagn er reiknað að mestu út frá barnafjölda og dvalarstundum. Matarkostnaður á barn er áætlaður kr. 6,702- á mánuði, námsgagnakostnaður (allt leikefni, inni og úti, bækur, spil, listvörur

o.fl.) er áætlað kr. 151,- á mánuði (1.815.- á ári), menningar- og listasjóður er kr. 39,- á mánuði (463.- á ári). Mánaðarlega er fjármagnspörf leikskóla endurreiknuð og færð til samræmis við barnafjölda og dvalartíma og breytist fjárhagsúthlutun því í hverjum mánuði afturvirk. Afgangur af fjárhagsáætlun er ekki fluttur milli ára og því ekki hægt að gera langtímaáætlun t.d. safna fyrir dýrari rekstrarþáttum s.s. leikfni (hjól) eða endurnýjun á því sem gengur úr sér. Erfitt er að vinna með óraunhæfa fjárhagsáætlun ár eftir ár og geta ekki treyst á ákveðið fjármagn.

Foreldraráð kom á fund með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og fór yfir starfsáætlunina og fyrirkomulag sumarleyfa. Foreldraráð kom í leikskólann í apríl og fylgdist með starfinu og gerði greinargerð út frá því, sjá fylgirit.

Skóla- og frístundsvið gerði netkönnun meðal foreldra, almennt eru foreldra ánægðir með leikskólastarfið. Niðurstöður könnunarinnar eru á heimasíðu leikskólans.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans 2012-2013 og umbótaáætlun 2013-2014

Mat á starfinu fer fram yfir allt skólaárið.

Matsaðferðir Klettaborgar eru bæði formlegar og óformlegar. Allir starfsmenn koma að mati leikskólastarfsins á einhvern hátt. Leikskólastjóri ásamt öðrum stjórnendum og matsteyminu sjá um samantektina og skýrslugerð.

Formlegt mat:

- Þar er stuðst m.a. við athuganir, skráningar, kannanir, útfyllingu lista og þroskapróf. Eftirfarandi matsgögn eru notuð: Hljóm 2 (athugun á hljóð- og málfræðivitund elstu barnanna, Íslenski þroskalistinn (næst elstu börn), ECERS kvarði (matstæki starfsmann um ýmsa þætti í leikskólastarfi), Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni (útg. af SFS) og ýmsir formlegir skráningarlistar (útbúnir af kennurum Klettaborgar) sem gefa upplýsingar um þá þætti sem verið er að meta/skoða.

Óformlegt mat:

- Það fer fram m.a. í umræðuformi og í viðtölum. Á ýmsum fundum (starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum), skipulagsdögum og í starfsviðtölum. Umræður eru oftast eftir fyrirframgefnum spurningum til þess að fá sýn og mat starfsmanna á ákveðna þætti í starfinu.

Eftirfarandi þættir eru úr starfsáætlun 2012-2013 ásamt niðurstöðum á mati þeirra:

Áherslur leikskólans – ýmiss verkefni

Fræðsluverkefni fyrir áramót.

- Fræðsluverkefni allra deilda frá september til desember.
- Eldri deildir vinna með vináttu og yngri deildir vinna með dýr.
- Unnið verður með könnunaraðferðinni og verkefnið tekur mið af áhugasviði barnanna og þeirra hugmyndum.

Niðurstöður:

Umræðumat á deildum eftir að verkefninu lauk (lok nóvember 2012). Allir starfsmenn tóku þátt í matinu, eldri deildir saman og yngri deildir saman.

Verkefnin gengu í heildina vel. Á annarri eldri deildinni var unnið markvisst út frá könnunaraðferðinni, en á hinn deildinni var könnunaraðferðin ekki eins markviss. Umræða á yngri-eldri deildinni um að verkefnið vináttu, varð ekki nógu ápreifanlegt til að fá sýnilega útkomu hjá börnunum. Myndskráning aukin og foreldrar fá meiri upplýsingar um verkefnið.

Á yngri deildunum gekk vel að vinna með dýr, börnin voru áhugasöm og starfsmenn settu verkefnið upp í vef til að gera það sýnilegra. Yngri deildirnar tóku einnig inn nýtt verkefni, veðurfræðing, sem er samskonar verkefni og á eldri deildum.

Þetta fyrirkomulag með haustverkefnið gengur vel og verður fest í sessi.

Dagskipulag – ýmsir þættir s.s. lundvakt, deildarfundir, móttaka að morgni/morgunmatur/leiktíminn, kaffitímar starfsmanna.

- Rýnt verður í ofantalda þætti og hugað að lagfæringum í dagskipulaginu þar sem þess er þörf.

Niðurstöður:

Á starfsmannafundi í október var farið yfir ákveðna þætti í dagskipulaginu. Í framhaldi af því var ákveðið að breyta matmálistímum. Morgunmatur fyrir eldri deildir verður í Glym (salnum), hádegismatur fyrir allar deildir verður um kl. 11.40 og nónhressing um kl. 14.40.

Það skapast lengri tími fyrir leikinn fyrir hádegi á öllum deildum.

Með breyttum stað fyrir morgunmatinn, þá hittast börnin af báðum eldri deildum í Glym (salnum) og eiga rólega stund þar saman.

Þetta var metið á skipulagsdegi eftir áramótin og allir sammála um að halda þessu áfram.

Undirbúningstími deildarstjóra og starfsmanna sem eiga kjarabundinn undirbúningstíma.

- Deildarstjóri skipuleggur og skráir undirbúningstíma sem tilheyrir deildinni.
- Deildarstjóri upplýsir leikskólastjóra um nýtingu undirbúningstíma.

Niðurstöður:

Metið í samráðsviðtölum leikskólastjóra og deildarstjóra í janúar. Deildarstjórar telja að undirbúningstími fyrir áramót hafi gengið betur upp heldur en eftir áramót, þó svo að það hafi þurft að færa hann til eftir aðstæðum í húsinu. Á tímabili eftir áramót féll undirbúningur of oft niður vegna forfalla í starfsmannahópnum. Skráningu er þó ábótavant hjá sumum deildarstjórum.

Deildarstjórum finnst mjög erfitt að geta ekki gengið að ákveðnum undirbúningstíma í samfellu og bitnar það tvímælalaust á deildarstarfinu og mörgum verkefnum sem eru fyrirhuguð bæði hvað varðar einstök börn (t.d. sérstök örvun og stuðningur í hegðun) og ákveðin verkefni í starfsáætlun (s.s. ferðir og ýmiss sköpunarverkefni).

Til að mæta undirbúningnum hefði þurft að senda börn heim, en það var ekki gert.

Deildarstjórar ætla að halda áfram að skrá undirbúningstíma og hafa á þann hátt yfirsýn um tímafjöldu og nýtingu.

Áherslur leikskólans v/starfsáætlun skóla- og frístundasviðs

Mat á skólastarfinu – sýn barna.

- Elstu börnin taki þátt í að meta leikskólastarfið.
- Útbúinn spurningalisti um ákveðna þætti í leikskólastarfinu.

Niðurstöður:

Þetta verkefni gekk ekki eftir. Í sumar verður gert „prufumat“ með elstu börnunum og það fyrirkomulag skoðað m.t.t. að nota það næsta vetur.

Þetta verkefni fer í umbótaáætlun.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.

- Barnasáttmálinn, eða hluti af honum, tengdur við leikskólastarfið.
- Unnið úr fræðslu og hugarflugi Sáttmálans frá síðasta vetri.

Niðurstöður:

Ákveðið var á skipulagsdegi í febrúar að færa þetta verkefni yfir á næsta skólaár og tengja það við gerð nýrrar skólanámskrár. Sjá nánar í kafla 3.1 og 3.2

Náttúrusvæði í nágrenni leikskólans.

- Náttúrusvæðið Óðal í nágrenni leikskólans kynnt betur fyrir börnum og foreldrum.
- Deildarstjórar gera áætlun um heimsóknir á svæðið.

Niðurstöður:

Yngri deildirnar ákváðu að finna annað náttúrusvæði sem er nær leikskólanum en Óðal, sem væri hentugra fyrir yngri börnin að heimsækja og vinna á. Það svæði er rétt hjá leikskólanum og heitir Álfhóll. Ferðir í Óðal og Álfhól voru mjög skemmtilegar og flestir fóru að hausti og í tengslum við þjóðsöguna. Ein deild gerði áætlun eftir áramót sem stóðst. Aðrar deildir gerðu ekki áætlun, heldur fóru í vettvangsferð eftir aðstæðum.

Á næsta ári verður lögð meiri áhersla á þetta verkefni og tengt betur inni starfið.

Þetta verkefni fer í umbótaáætlun.

Mat á umbótaáætlun 2012-2013

Jákvæð og glaðleg samskipti.

- Skrá jákvæð og glaðleg samskipti tvö tímabil fyrir áramót og tvö tímabil eftir áramót.
- Hver starfsmaður skráir fyrir sig. Farið yfir skráningar á deildarfundi.

Niðurstöður:

Allir starfsmenn tóku þátt og skráðu á sérstakt blað með ákveðnum viðmiðum.

Skráningarblaðið er gagnlegt, auðvelt í framkvæmd og viðmiðin eru skýr. Niðurstöður voru ræddar á deildarfundi með leikskólastjóra. Starfsmenn eru sammála um að þessar skráningar auki meðvitund þeirra um jákvæð og glaðleg samskipti. Einnig gefur þessi skráning vísbendingar um þau börn sem þarf að huga betur að og aðstoða við að fylgja eftir ýmsum reglum þ.e.a.s. þau börn sem oft er verið að leiðrétta í „rétta“ hegðun. Það er ástæða til að skoða þau börn betur og styðja til betri vegar.

Þetta verkefni verður fastur liður í starfi leikskólans þ.e. að skrá samskipti starfsmanna við börnin á þennan hátt. Sjá nánar í kafla 3.1

Fræðslustarf leikskólans.

- Markmið að fræðslustarfið og áherslur verði aðgengilegt fyrir starfsfólk og samræmi verði á milli deilda, en hver deild hefur sínar útfærslur í framkvæmd.
- Með því að setja inn sýnishorn af ýmsum verkefnum og áherslum í sérstaka handbók um fræðslustarf leikskólans, sambærilegt og gagnabanki.

Niðurstöður:

Þetta verkefni er í vinnslu og verður áfram næsta vetur. Aðstoðarleikskólastjóri heldur utan um það og kallar eftir gögnum frá deildum. Þetta verkefni fer í umbótaáætlun.

Heimasíðan.

- Markmið að auka upplýsingar um starf leikskólans til foreldra.
- Með því að setja inn fréttir/myndir frá hverri deild a.m.k. tvisvar í mánuði.
- Deildarstjórar senda tölvupóst til foreldra.
- Að upplýsingar úr skóladagatali séu uppfærðar á forsíðu fyrir hvern viðburð.
- Skoða heimasíðuna um áramótin og um vorið. Telja fréttir og tölvupósta frá deildum og athuga hvort viðburðir hafi verið kynntir á forsíðu.

Niðurstöður:

Samantekt á talningu sýndi að deildarstjórar sendu tölvupósta til foreldra að jafnaði 3-4x í mánuði. Myndir voru settar inn á heimasíðuna að jafnaði 1x í mánuði en fréttir frá deildum voru ekki settar inn samkvæmt áætlun. Umræður um að tölvupóstur til foreldra hefði komið í staðinn fyrir fréttir á heimasíðuna.

Upplýsingar úr skóladagatali og um viðburði hafa verið settar inn samkvæmt áætlun.

Skóla- og frístundasvið gerði netkönnun meðal foreldra m.a. um heimasíðu og upplýsingagjöf. Þar kom m.a. fram að:

- 98% segjast fá nægar upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum.
- 76% telja að leikskólinn sé með virka heimasíðu og eru ánægð með hana.
- 95% vilja fá upplýsingar í gegnum tölvupóst en 48% telja sig fá þannig upplýsingar í dag.
- 64% vilja fá upplýsingar í gegnum heimasíðuna en 41% telja sig fá upplýsingar þannig í dag

Þetta verkefni fer í umbótaáætlun með sömu áherslum og voru á síðasta ári.

Matsáætlun 2012-2013

Haustið 2012 verða eftirfarandi þættir úr aðal-skólanámskrá skilgreindir og settir í matsferli samkv. matshring.

Leikur og viðfangsefni.

- Í aðalnámskrá leikskóla er leikurinn þungamiðja leikskólastarfsins.
- Stuðst verður við ECERS kvarðann til að finna viðmið.

Niðurstöður:

Metið í nóvember '12 og maí '13 af öllum starfsmönnum.

Notaður var ECERS kvarði (matstæki) til að skoða þennan þátt. Allir starfsmenn svöruðu viðkomandi lista og ræddu niðurstöður. Kvarðinn metur 6 þætti í leikskólastarfinu og í hverjum þætti eru nokkur viðfangsefni sem fá stig út frá ákveðnum fullyrðingum. Skoðaður var þátturinn „Leikur og viðfangsefni“. Þar eru 9 viðfangsefni sem hafa fullyrðingar og hver starfsmaður merkir við þær fullyrðingar sem hann telur að eigi við um leikskólastarfið út frá sinni deild. Um haustið fylltu allir starfsmenn út kvarðann og ræddu niðurstöður. ECERS kvarðinn er fyrir aldurinn 3-6 ára og ber að hafa það í huga vegna útfyllingar hjá yngri deildum. Ákveðið var að viðmið á eldri deildum væri 6 stig og á yngri deildum 5 stig. Mest er hægt að gefa 7 stig.

Meðaltal að hausti í leikskólanum er 5,55. Yngri deildir skora hærra en eldri deildir. Önnur yngri deildin fékk 6,5 stig.

Eftir umræður deildarstarfsmanna (nóv. '12) og samanburð þeirra á svörum, þá voru allir sammála um að þeir myndu gefa hærri stig í ákveðnum fullyrðingum. Starfsmenn telja að í leikskólanum sé mjög góður námsefniviður/námsgögn, en það mætti nota hann betur og gera ákveðin leikefni aðgengilegri fyrir börn. Því var ákveðið að hafa það í huga og fylla listann út aftur í apríl/maí til að sjá


hvort breyting hefði orðið.

Niðurstaðan í maí er 5,8 meðaltal í leikskólanum. Þrjár deildir höfðu hækkað en ein deild hafði lækkað. Það komu nýir starfsmenn í leikskólann um áramótin, þeir höfðu ekki tekið þátt í umræðum um þennan lista, en fylltu hann út.

Starfsmenn eru sammála um að útfylling listans er mjög vekjandi í umræðunni um námsgögn, námsumhverfi og vinnuaðferðir. Ástæða er til að fara betur yfir þennan þátt í leikskólanum og hver deild gerir umbótaáætlun fyrir næsta ár á þeim þáttum sem viðmiði er ekki náð.

Hér má sjá samantekt á niðurstöðum hjá deildum og meðaltal í leikskólanum.

	nóv.'12	maí'13
Fálkaklettur	5,3	6,0
Arnarklettur	4,8	5,4
Hrafnaklettur	5,6	5,9
Kríuklettur	6,5	5,8
Meðaltal	5,55	5,8



Í fylgiriti er hver deild með niðurstöður sundurliðaðar á hvert viðfangsefni.

Umbætur 2013-2014 út frá niðurstöðum innra mats 2012-2013:

Mat á skólastarfinu – sýn barna

Þetta er verkefni frá síðasta ári.

- Markmið að börn hafi meiri áhrif á umhverfi sitt og sjónarhorn þeirra hafi farveg.
- Elstu börnin taki þátt í að meta leikskólastarfið.
- Útbúinn spurningalisti um ákveðna þætti í leikskólastarfinu.

Sumarið verður nýtt í „prufuverkefni“ sem verður grunnur að aðferð í mati barnanna á skólastarfinu. Deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd, en matsteymið fylgir því eftir.

Metið í desember.

Náttúrusvæði í nágrenni leikskólans

Þetta er verkefni frá síðasta ári.

- Markmið að auka vitund og virðingu barna um náttúruna, veðurfar, árstíðir og að börnin hafi aðgang að fjölbreyttara útivistarsvæði.
- Náttúrusvæðin Óðal og Álfróll í nágrenni leikskólans kynnt betur fyrir börnum.
- Deildarstjórar gera áætlun um heimsóknir á svæðið.
 - Fálkaklettur:
- Hver hópur fer 1x í mánuði í Óðal, unnið með veðráttuna, árstíðirnar, gróðurinn.
- Taka myndir mánaðarlega og rýna í náttúruna.
- Gera áætlanir um ræktun og tilraunir í vinnustundum.
 - Arnarklettur:
- Vettvangsferð 1-2x í mánuði og önnur ferðin í Óðal.
- Vekja athygli á gróðri og náttúrunni almennt.
 - Hrafnaklettur og Kríuklettur:
- Föstudagur verður ferðadagur.
- Farið með hóp í Álfróll á hverjum föstudegi.

- Skráningarblað .

Metið eftir áramót og um vorið út frá skráningum deilda.

Fræðslustarf leikskólans

Þetta er verkefni frá síðasta ári.

- Markmið að fræðslustarfið og áherslur verði aðgengilegt fyrir starfsfólk og samræmi verði á milli deilda, en hver deild hefur sínar útfærslur í framkvæmd.
- Með því að setja inn sýnishorn af ýmsum verkefnum og áherslum í sérstaka handbók um fræðslustarf leikskólans, sambærilegt og gagnabanki.

Stöðumat í mars-apríl.

Heimasíðan

Þetta er verkefni frá síðasta ári.

- Markmið að auka upplýsingar um starf leikskólans til foreldra.
- Með því að setja inn fréttir/myndir frá hverri deild a.m.k. tvisvar í mánuði.
- Deildarstjórar senda tölvupóst til foreldra 1x í viku.
- Að upplýsingar úr skóladagatali séu uppfærðar á forsíðu fyrir hvern viðburð.
- Sú deild sem hefur ábyrgð á uppákomu/skemmtun í Glym setur frétt um það á heimasíðuna.

Metið eftir áramót og að vori út frá skráningu/talningu deildarstjóra.

Leikur og viðfangsefni

- Markmið að ná viðmiði 6 í ECERS kvarða um leik og viðfangsefni.

Eldri deildir gera umbótaáætlun út frá þeim þáttum í matskvarðanum sem ekki náðu viðmiði 6, en yngri deildir gera ekki umbótaáætlun fyrir alla þætti, því kvarðinn er ætlaður fyrir börn á aldrinum 3-6 ára og þar eru börn á aldrinum tæplega 2ja -4 ára.

➤ Fálkaklettur:

- Tónlist og hreyfing .
 - Hafa hljóðfæri reglulega í samverustundum, einnig aðgang að hljóðfærum í leik.
 - Börnin útbúa hljóðfæri sem þau nýta í leik og tónlistarstundum.
 - Í vinnustundum verða skipulagðar tónlistarstundir og hlustað á fjölbreytta tónlist.
- Mismunandi menning.
 - Kynna fyrir börnum mismunandi menningu t.d. í mat og ritmáli.
 - Hafa fána sýnilega og texta „góðan dag“ á mismunandi tungumáli.
 - Setja upp heimskort og merkja inná staði þar sem börn og starfsmenn hafa verið
 - Hvetja börn til að koma með bækur og myndir frá sínu heima- upprunalandi.

Útbúin verða skráningarblöð fyrir ofantalda þætti. Farið yfir hvernig gengur á deildarfundum.

➤ Arnarklettur:

- Tónlist og hreyfing.
 - Taka hljóðfærin oft fram og leyfa börnunum að spila á þau.
 - Kynna fyrir börnunum hvað hljóðfærin heita sem þau eru að nota hverju sinni.
 - Útbúa hljóðfæri með börnunum.
 - Hlusta á hinar ýmsu tónlistarstefnur með börnunum.
 - Efla söngstundir á deildinni.
- Sandur og vatn.
 - Nýta sandkerin sem eru til í valstundum/vinnustundum.
 - Nota vatn inni og úti, sula í sullukerunum inni.
 - Þjóða börnunum oft að sula í útiveru, ekki bara þegar það er rigning.
- Hlutverkaleikir.
 - Hafa hlutverkaleik oft í valinu.
 - Nýta allan þann efnivið sem er til fyrir hlutverkaleik svo hann sé fjölbreyttur.
- Náttúra, vísindi, tilraunir.
 - Ferðir á náttúrusvæðið Óðal einu sinni í mánuði, taka myndir og fylgjast með

breytingum á árstíðum.

- Veðurfræðingurinn verður áfram.
- Gera áætlun um tilraunir og ræktun í vinnustundum.
- Stærðfræði (tölur, magn, fjöldi).
 - Vekja athygli barnanna á tölustöfum og fjölda.
 - Hafa stærðfræðiformin sýnileg.
 - Vekja athygli barnanna á stærðfræðinni í umhverfinu/náttúrunni.
 - Tengja stærðfræðina inn í vinnustundir í gegnum spil o.fl..
 - Útbúa samstæðuspil með formum, tölum og fjölda.
- Mismunandi menning.
 - Vekja athygli á að það eru ekki allir frá Íslandi á deildinni.
 - Hengja upp þjóðfána barnanna fyrir framan deildina.
 - Skrifa á móðurmáli barnanna landar-heiti þeirra.
 - Kynna fyrir börnunum þau lönd sem börnin eru frá.
 - Athuga með tónlist frá hinum ýmsu löndum .

Halda skráningu um tónlistarstundir og viðfangsefni sem tengjast náttúru og vísindum.

➤ Hrafnaklettur:

- Tónlist og hreyfing.
 - Búa til kassa með hljóðfærum sem nýtast í leiktímann.
 - Auka úrval fjölbreyttrar tónlistar til hlustunar (vantar fleiri cd í húsið).
 - Tónlist og hreyfing 1x í viku, dansa , gera æfingar, hreyfilög, spila á hljóðfæri, tengja það í samverustundina.
 - Nýta námsgögn t.d. B.ed verkefni frá Sigu Önnu, þar eru tónlistarstundir og cd með tóndæmum.
- Stærðfræði (tölur, fjöldi, magn o.fl.).
 - Nýta daglega þætti til talningar s.s. fjölda barna, tröppur, form.
 - Útbúa efnivið með formum og litum.

Umræður á deildarfundi um hvort verkefni í tónlist og hreyfingu hafa verið framkvæmd, gera skráningu á stundum.

➤ Kríuklettur:

- Allir þættir hjá Kríukletti voru yfir 5, svo umbóta er ekki þörf þar. Kríuklettur og Hrafnaklettur vinna mikið saman og umbótaverkefni á Hrafnakletti verða einnig áherslur á Kríukletti.

ECERS kvarðinn verður fylltur út í mars-apríl.

2.2 Ytra mat 2012-2013 og umbótaáætlun 2013-2014

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar gerði viðhorfskönnun meðal foreldra eftir áramótin.

Í febrúar-mars '13 fengu foreldrar netkönnun og hringt var í foreldra í apríl þar sem svörun var lítil í netkönnuninni.

Markmið könnunarinnar er að skoða viðhorf foreldra til leikskólans, daglegra viðfangsefna, áherslur, skipulag og upplýsingaflæði.

Svarhlutfall í Klettaborg er 65%.

Niðurstöður koma til leikskólans og eru settar á heimasíðu leikskólans. Í niðurstöðum er hægt að sjá meðaltal allra leikskóla Reykjavíkurborgar.

Í heildina þá eru foreldrar ánægðir (100%) með leikskólastarfið og telja að barninu líði vel (100%), það sé öruggt (100%), ánægt (100%) og starfsmenn sýni barninu umhyggju (100%) og taki vel á móti því og kveður það í lok dags (98%).

Nokkrar fullyrðingar í könnuninni og hlutfallsprósenta ánægja/sammála:

- 98% segjast fá nægar upplýsingar um daglegt starf í leikskólanum.
- 76% telja að leikskólinn sé með virka heimasíðu og eru ánægð með hana.
- 95% vilja fá upplýsingar í gegnum tölvupóst en 48% telja sig fá þannig upplýsingar í dag.
- 64% vilja fá upplýsingar í gegnum heimasíðuna en 41% telja sig fá upplýsingar þannig í dag.
- 43% foreldra eru ánægð með kynningu á nýju starfsfólki og 30% eru ósammála – þetta fer í umbótaáætlun.
- 24% foreldra segja að barnið þeirra sé skilið útundan af öðrum börnum og 44% segja að barninu sé strítt af öðrum börnum – þetta fer í umbótaáætlun.

Minnsta ánægja (64%) foreldra er með fæði barnsins í leikskólanum, 58% þekkir matseðilinn, 54% er ánægð með matseðilinn, 35% þekkir stefnu leikskólans varðandi matreiðslu og 42% eru ánægð með stefnu leikskólans varðandi matreiðslu. Þetta fer í umbótaáætlun.

Hugsanleg skýring er sú að matráður leikskólans hefur verið í langvarandi veikindum og fyrir áramót var aðkeyptur hádegismatur en eftir áramót var eldað á staðnum (afleysing fyrir matráð). Ekki var lögð nægjanleg áhersla á þjálfun staðgengils matráðs né á upplýsingagjöf til foreldra.

Skóla- og frístundasvið gerði könnun meðal starfsmanna eftir áramótin 2013, niðurstöður eru ekki komnar til leikskólans.

Umbætur 2013-2014 út frá niðurstöðum ytra mats 2012-2013:

Barninu strítt og/eða skilið útundan

Í könnun til foreldra kom fram að 44% segja að barninu sé strítt af öðrum börnum og 25% segja að barnið sé skilið útundan af öðrum börnum.

Nauðsynlegt er að greina í hverjum þetta liggur og hvernig það birtist barninu.

- Í haustviðtölum fá allir foreldrar sömu spurningar um þessa þætti. Foreldrarnir fá spurningarnar sendar heim til undirbúnings og ræða þær í viðtali við deildarstjórnann. Í framhaldi verður gerð áætlun í leikskólanum til þess að koma í veg fyrir stríðni og að börn séu skilin útundan.
- Einnig verður sérstök áhersla lögð á samskipti og vináttu hjá börnunum í haustverkefninu.

Eldhúsmálin

- Unnið verður að matseðli til lengri tíma og hann aðgengilegur foreldrum á heimasíðu leikskólans og í anddyri leikskólans. Matráður ber ábyrgð því.
- Sett verður fram stefna um matarmálin og kynnt foreldrum.

Matráðurinn hefur látið af störfum vegna veikinda og nýr verður ráðinn.

Hjá Skóla- og frístundasviði hefur verið sett á laggirnar stoðdeild með sérfræðingum í næringarfræði og rekstri mötuneyta. Leitað verður til þeirra eftir aðstoð við að móta stefnu í matreiðslu, hagkvæmum innkaupum og hollustu við skipulag á matseðli.

Kynning á nýju starfsfólki

- Aukin verði kynning á nýju starfsfólki.

Þegar nýr starfsmaður byrjar, er sett upp kynningarblað um hann í anddyri leikskólans. Til viðbótar verður sett mynd af starfsmanninum á kynningarblaðið, frétt á heimasíðuna og tölvupóstur til foreldra. Deildarstjórar sjá um það.

2.3 Matsáætlun 2013-2014

Starfið í heild og ýmiss verkefni er metið jafnt og þétt yfir veturinn. Allir koma að matinu á einhvern hátt, þó koma kennarar og stjórnendur meira að matinu en aðrir starfsmenn.

Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni (frá SFS) er fylltur út fyrir hvert barn 1-2svar yfir veturinn.

Hljóm er lagt fyrir elstu börnin og Íslenski þroskalistinn er fylltur út af mæðrum hjá næst elstu börnunum. Niðurstöður eru nýttar við gerð einstaklingsáætlunar og rætt í foreldraviðtölum.

Að hausti er ákveðið sérstakt matsverkefni í starfinu út frá matsáætlun leikskólans. Allir starfsmenn koma að því að velja það verkefni og vinna að matsgögnum fyrir það ásamt áætlun um framkvæmd.

Að auki er verið að vinna að endurskoðun skólanámskrár og verður gert stöðumat í lok vetrar. Það er líklegt að ýmsir þættir í skólastarfinu verði metnir í tengslum við endurskoðun á skólanámskrá t.d. ýmiss „föst“ og hefðbundin verkefni.

Tími	Matspáttur	Gögn	Hverjir meta	Ábyrgð
Ágúst-sept.	Næst elstu börn – þroskamát	Íslenski þroskalistinn	Mæður	Aðst.leik.stj.
	Sjálfsmynd og félagsfærni	Gátlisti	Deildarstjórar	Deildarstjórar
	Hljóm	Gátlisti	Aðst.leik.stj.	Aðst.leik.stj.
	Þáttur samkv. matsáætlun Klettaborgar	Valið af starfsfólki, matsgögn unnin í samræmi við verkefnið og tímasetning ákveðin út frá því		Matsteymi
Okt - nóv	Barninu strítt og /eða skilið útundan	Spurningar til foreldra	Deildarstjórar og foreldrar	Leikskólastjóri
	Fræðsluverkefni fyrir áramót	Umræðumat	Allir starfsmenn	Deildarstjórar
	Jákvæð og glaðleg samskipti	Skráning	Allir starfsmenn	Matsteymi Deildarstjórar
Desember	Mat á skólastarfinu – sýn barna	Skráning	Elstu börn	Matsteymi
Jan - febr	Heimasíðan	Skráning	Deildarstjórar	Deildarstjórar
	Náttúrusvæði í nágrenni	Skráning	Deildarstjórar	Leikskólastjóri
	Hljóm	Gátlisti	Aðst.leik.stj.	Aðst.leik.stj.
Mars - apríl	Fræðslustarf – mappa	Vinnugögn	Deildarstjórar	Aðst.leik.stj.
	Leikur og viðfangsefni	ECERS	Allir starfsmenn	Matsteymi
	Jákvæð og glaðleg samskipti	Skráning	Allir starfsmenn	Matsteymi Deildarstjórar
	Þjóðsagan	Stöðumat	Allir starfsmenn	Aðst.leik.stj.
Maí	Eldhúsmálin	Könnun	Foreldrar	Leikskólastjóri
	Kynning á nýju starfsfólki	Könnun	Foreldrar	Leikskólastjóri
	Barninu strítt + skilið útundan	Könnun	Foreldrar	Leikskólastjóri
	Græn skref	Skráning	Allir starfsmenn	Aðst.leik.stj.
Maí	Heimasíðan –aftur Mat á skólastarfinu – aftur Náttúrusvæði - aftur			

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár (aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun)

Veturinn 2013-2014 mun einkennast af endurskoðun á skólanámskrá vegna innleiðingar á nýrri aðalnámskrá. Allir starfsmenn koma að þeirri vinnu en ábyrgðin verður hjá leikskólastjóra og öðrum stjórnendum leikskólans. Stöðumat verður gert í lok vetrar.

Mörg verkefni hafa öðlast fastan sess í leikskólastarfinu og verður ekki breyting á því, má þar nefna t.d.:

- Haustverkefni, yngri deildir vinna saman og eldri deildir vinna saman að ákveðnu verkefni út frá áhuga barnanna.
- Þjóðsagan eftir áramót á öllum deildum.
- Litavikur.
- Sérstakir dagar (blómaball, sólgleraugnadagur, rugldagur.....).
- Áherslur í samfélaginu tengt í leikskólastarfið (dagur ísl. tungu, dagur ísl. náttúru, góðverkavika/dagur, bangsavika/dagur, barnameningarhátíð, lestrahátíð....).

Nokkur verkefni frá síðasta skólaári halda áfram, því þeim er ekki lokið, sjá nánar í umbótaáætlun

2.1. Til viðbótar verða þessi verkefni:

- Barnasáttmálinn inni skólanámskrá
- Jákvæð og glaðleg samskipti starfsmanna við börn
 - Hver deild gerir skráningar eins og síðasta ár og skoðar sérstaklega þau börn sem fá „oft“ leiðréttingu í rétta hegðun. Gerð verður áætlun í samráði við foreldra um að styðja þau betur í samskiptum og hegðun. Matsteymi ákveður tímabil og útbýr gögn. Deildarstjórar bera ábyrgð á samræðumati til úrbóta.

3.2 Áherslur leikskólans vegna starfsáætlunar skóla- og frístundasviðs 2013

Nokkur verkefni eru í umbótaáætlun og í lið 3.1 sem tengjast starfsáætlun skóla- og frístundasviðs:

- Mat á skólastarfinu -sýn barna, Barnasáttmálinn tengdur við starfið, náttúrusvæði í nágrenni leikskólans og heimasíðan.

Til viðbótar er ákveðið að innleiða „Græn skref“.

Myndaður starfshópur sem innleiðir Græn skref.

- Kynna sér hvernig gert er á öðrum stöðum.
- Fá fræðslu um umhverfismennt m.t.t. grænna skrefa.

Ábyrgð hefur aðstoðarleikskólastjóri.

Skóla- og frístundasvið óskar eftir upplýsingum um eftirfarandi þætti sem eru í starfsáætlun SFS fyrir árið 2013. Óskað er eftir upplýsingum um hvort viðkomandi skref hafi verið innleitt í leikskólastarfið

og þá hvernig, eða ef innleiðing hefur ekki farið fram, þá hvaða áætlanir eru uppi um innleiðingu.

1. Við endurskoðun á námskrá leikskóla komi fram hvernig unnið er með lífsleikni, virðingu, umhyggju, tillitsemi og samkennd (starfsáætlun SFS bls. 14).
2. Leikskólar setji sér umhverfisstefnu sem feli m.a. í sér menntun til sjálfbærni, útinám og vettvangsferðir (starfsáætlun SFS bls. 17).
3. Við endurskoðun á námskrám leikskóla verði þess gætt að Barnasáttmálinn verði sýnilegur í námskrám. (starfsáætlun SFS bls. 17).

Í leikskólastarfinu í dag má segja að ofantaldir þættir fléttast allir inní leikskólastarfið þ.e. eru eins og samofnir daglegu starfi. Við endurskoðun á skólanámskrá vegna innleiðingar á nýrri aðalnámskrá verða þeir skilgreindir þar.

- Lífsleikni, virðing, umhyggja, tillitsemi og samkennd – þessir þættir eru dregnir fram í vinnuaðferðum starfsmanna og virðing er eitt af gildum leikskólans. Vinnuaðferðir starfsmanna eru skilgreindar í handbók leikskólans. Þar eru m.a. ákveðnar áherslur í samskiptum sem lúta að því hvernig talað er við börn, hvernig umhyggja er skilgreind og samskipti starfsmanna sín á milli.
- Menntun til sjálfbærni, útinám og vettvangsferðir – þessir þættir eru og hafa verið í starfsáætlun leikskólans og verið er að efla þá markvisst t.d. með því að hafa ákveðin náttúrusvæði í nágrenni leikskólans sem börnin heimsækja. Einnig munu tveir starfsmenn taka þátt í verkefnahópi, jafningjafræðslu hjá Helenu Óladóttur í Náttúruskólanum með það að markmiði að innleiða útnám betur í leikskólastarfið.
- Barnasáttmálinn – starfsmenn hafa fengið fræðslu og unnið „hugarflug“ með tengingu við ákveðnar greinar í Sáttmálanum við verkefni í leikskólanum.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. júní 2013

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1.	Leikskólakennari
Aðst.leik.stjóri	1	0.85	Leikskólakennari
Deildarstjóri	4	4	Leikskólakennari
Leikskólakennari	1	1	Leikskólakennari
Leikskólaleiðbeinandi A	2	2	Grunnskólakennari
Leikskólaleiðbeinandi A	1	1	B.A. í sálfræði
Leikskólaliði	1	1	Leikskólaliðanám
Leiðbeinandi	6	5,8	1 með framhaldsskólamenntun, 5 án.
Yfirmaður í eldhúsi	1	1	Án framhaldsskóla
Aðstoð í eldhús	1	0,8	Án framhaldsskóla

Í hópnum eru 2 starfsmenn í sumarstarfi. Yfirmaður í eldhúsi er tímabundið ráðinn vegna langvarandi veikinda matráðs, sem kemur ekki aftur til starfa.

Breyting verður í starfsmannahópnum í haust. Deildarstjóri kemur úr fæðingarorlofi. Þá hætta 2

leiðbeinendur, 1 leikskólaleiðbeinandi A og aðstoð í eldhúsi. Nýr yfirmaður í eldhúsi verður ráðinn. Einn leikskólaliði er í fæðingarorlofi næsta vetur.

4.2 Starfsþróunarsamtöl (skipulag, tímasetning)

Starfsþróunarsamtöl eru tvískipt. Að vori (mars) er samtalið þar sem farið er yfir veturinn þ.e. líðan, árangur út frá markmiðum vetrarins og tæpt á næsta vetri. Að hausti (sept.-okt.) er samtalið þar sem starfsmaður greinir frá áherslum sínum og tengingum við starfsáætlun leikskólans ásamt umræðum um símenntun. Þetta fyrirkomulag hefur verið tvö síðastliðin starfsár og mælist vel fyrir.

4.3 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, hvaða hópar sóttu námskeið og fl.)

Allir starfsmenn sóttu eftirfarandi fræðslu:

- Námskeið um ADHD – Þórdís Bragadóttir, sálfræðingur.
- Slysavarnanámskeið – Herdís Storgaard, forvarnafulltrúi.
- Læsi – meira en stafir og staut – Hrafnhildur Ragnarsdóttir, talmeinafræðingur.
- Lífsstíll, góð heilsa – Hrefna Húgósóttir, hjúkrunarfræðingur frá Vinnuvernd.
- Hjólreiðar og heilsa – Sesselja Traustadóttir, umsjón með Fröken Reykjavík hjólar.

Önnur fræðsla fyrir starfsmenn:

- Stjórnendafræðsla/leiðtogaskóli fyrir leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og alla deildarstjóra – ýmsir sérfræðingar.
- Fræðsla um grunnþætti í aðlanámskrá – Skóla- og frístundasvið. Allir kennarar sóttu einhverja þætti þar og deildarstjórar sóttu alla þættina.
- Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar – 2ja daga námskeið hjá Þroska- og hegðunarmiðstöð barna. Tveir kennarar sóttu það.
- Leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni ungra barna – 2ja daga námskeið hjá Endurmenntun HÍ. Deildarstjóri sótti það.
- Námsstefna, frávík í málþroska – heill dagur. Tveir deildarstjórar sóttu það.
- Læsi í leikskóla – hálfur dagur. Deildarstjóri sótti það.
- Raddir barna – ráðstefna Rannung. Deildarstjóri sótti það.
- Fyrirlestur um skráningar og mat – Deildarstjóri og leikskólaliði sóttu það.
- Trúnaðarmannanámskeið/fræðsla á vegum stéttarfélaga – Trúnaðarmenn sóttu það.

Einnig sóttu nokkrir starfsmenn fræðslu um: tvítýngi, sérkennslumál og vinsamlegt samfélag.

Klettaborg er með samning við Menntavísindasvið HÍ um vettvangsnám leikskólakennaranema. Einn nemi frá HÍ kom í Klettaborg.

Þrjú starfsmenn tóku að sér nema í starfsþjálfun í tengslum við vinnustaðanám.

Fræðsla um sjálfbærni, útinám o.fl. sem Helena Óladóttir átti að vera með, féll niður vegna veikinda.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Í haust þegar ýmis námsframboð verða augljósari þá kemur betur í ljós hvaða fræðsla kemur til starfsmanna. Fyrirhugað er að allir starfsmenn sækja fræðslu sem tengist áherslum í starfinu sem og sínu áhugasviði. Fræðsla er bæði á skipulagsdögum og á öðrum tíma. Starfsmenn sækja þau námskeið, ráðstefnur, málþing sem hægt verður að koma við eftir áhugasviði þeirra og áherslum leikskólans. Aðal áherslan verður á fræðslu sem tengist endurskoðun á skólanámskrá vegna innleiðingar á aðalnámskrá.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. júní 2013

Í lok maí voru 80 börn í leikskólanum í 657 dvalarstundum.

Stúlkur voru 38 og drengir 42.

Í júní bættust við 6 börn. Flest elstu börnin hætta í júlí um sumarleyfi.

Um 20 ný börn byrja í Klettaborg í júní-ágúst.

Þrjú börn voru með sérgreinda stuðningstíma sem unnið var með á viðkomandi deildum og hegðunarráðgjafi koma að vinnu með einu barni.

Einnig voru nokkur börn sem verið er að vinna sérstaklega með hegðunar þætti og málvörvun án þess að sérkennslutími komi þar inni.

Tólf börn eru af erlendum uppruna frá níu þjóðernum. Þau eru öll með annað móðurmál en íslensku og eru það átta tungumál sem þau tala.

5.2 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er kosið á foreldrafundi að hausti í september. Í ráðinu eru 3 fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Foreldraráð fundar, fer yfir hlutverk sitt og starfsáætlun, er á vettvangi og fylgist með starfinu, gefur umsögn um starfið og starfsáætlunina.

Foreldrafundir eru í september. Fundirnir eru að morgni kl. 8.30-9.15 og eru tvær deildir saman á fundi. Einnig er foreldrafundur með foreldum elstu barnanna í janúar. Það er samstarfsverkefni grunnskólans (Hamraskóli) og leikskólans. Sá fundur er haldinn í grunnskólanum.

Foreldraviðtöl eru að hausti og eftir áramót. Deildarstjóri/leikskólakennari sjá um viðtölin.

Foreldrafélag er starfandi. Tilgangur þess er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt. Kosið er í foreldrafélag á haustfundi foreldra í leikskólanum. Einn tengiliður er í foreldrafélaginu frá leikskólanum.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarf er við grunnskóla hverfisins þ.e. Hamraskóla. Það byrjaði 1999 og hefur verið í stöðugri þróun. Mörg samstarfsverkefni og heimsóknir eru hjá skólunum. Má þar nefna:

- Gagnkvæmar heimsóknir elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans. Heimsóknir yngstu barna í grunnskólanum féllu niður árið 2012-2013 að beiðni kennarans þar, en það verður endurskoðað næsta vetur.
- Leikskólabörnin fóru í 11 heimsóknir í grunnskólann ári 2012-2013 og 1 heimsókn í frístundastarfið.
- Leikskólabörnin og börnin í 1. bekk hittast á grunnskólalóðinni og fara í leiki.
- Nemendur í 4. bekk grunnskólans lesa fyrir börn í leikskólanum á degi ísl. tungu

- Nemendur í 6. bekk grunnskólans aðstoða leikskólabörnin í desember í heimsókn í Húsdýragarðinn.
- Fundur er með foreldrum elstu barna leikskólans í grunnskólanum, það er samstarf beggja skólastjóra og rætt um væntanlega grunnskólagöngu.

Leikskólakennarar og grunnskólakennarar hittast að hausti og gera samstarfsáætlun fyrir árið.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar 2013-2014

- Mánudagur 19. ágúst eftir hádegi (sami og Hamraskóli).
- Fimmtudagur 26. September.
- Föstudagur 27. September.
- Þriðjudagur 12. nóvember eftir hádegi (sami og Hamraskóli).
- Þriðjudagur 7. janúar eftir hádegi.
- Miðvikudagur 5. mars eftir hádegi (sami og Hamraskóli).
- Þriðjudagur 22. apríl (sami og Hamraskóli).
- Miðvikudagur 28. maí.

Fundur var með skólastjórum grunnskóla og leikskóla í suðurhluta Grafarvogs (hamra- húsa- og foldahverfi) til þess að finna samræmda daga en það er erfitt að samræma skipulagsdaga leikskólans og grunnskólans, vegna ólíkra þarfa í skólastarfinu fyrir undirbúning starfsins.

5.5 Áætlanir aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

Á heimasíðu Klettaborgar eru þessar áætlanir aðgengilegar – þær hafa verið settar inn af SFS.

- Viðbrögð við einelti.
- Röskun á starfi vegna óveðurs eða öskufalls.

Aðrar áætlanir/stefnur sem Reykjavíkurborg og skóla- og frístundasvið hafa gefið út eru kynntar fyrir starfsfólki og fléttast inni starfið eftir aðstæðum og nýttar þegar á þarf að halda.

Þar má m.a. nefna:

- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar.
- Forvarnaráætlun.
- Áfallaáætlun.

5.6 Fylgirit

- Matsgögn – ECERS kvarði, samantekt frá deildum.
- Leikskóladagatal.
- Umsögn foreldraráðs.

F. h. Leikskólans Klettaborgar,
24. júní 2013

Lilja Eyþórsdóttir,
Leikskólastjóri

5.6.1 Matsgögn – fylgirit

ECERS kvarðinn.


Metinn var þátturinn „Leikur og viðfangsefni“. Þar eru 9 viðfangsefni sem hafa fullyrðingar og hver starfsmaður merkir við þær fullyrðingar sem hann telur að eigi við um leikskólastarfið út frá sinni deild.

ECERS kvarðinn er fyrir aldurinn 3-6 ára og ber að hafa það í huga vegna útfyllingar hjá yngri deildum. Ákveðið var að viðmið á eldri deildum væri 6 stig og á yngri deildum 5 stig. Mest er hægt að gefa 7 stig.

Hér eru niðurstöður/meðaltal deilda í hverju viðfangsefni, metið í maí 2013

Fk og Ak eru eldri deildir.

Hk og Kk eru yngri deildir.



5.6.2 Leikskóladagatal - fylgirit

Dagatal leikskólans 2013-2014

Skipulagsdagur	Foreldrafundur Foreldraviðtöl	Foreldrakaffi Opið hús Afa og ömmu kaffi
19. ágúst '13 – eftir hádegi	<u>18. sept.</u> fundur foreldra barna á Hrafna- og	1. okt. – afa og ömmu kaffi
26. sept. '13 – allan daginn	Kríukletti kl. 8,30-9,15	4.-8. nóv. - myndasýning Fk.
27. sept. '13 – allan daginn	<u>19. sept.</u> fundur foreldra barna á Fálka- og	11.-15. nóv. – myndasýning Ak.
12. nóv. '13 – eftir hádegi	Arnarkletti kl. 8,30-9,15	24. jan. – pabbar í morgunmat
7. jan. '14 – eftir hádegi	<u>15. jan.</u> fundur foreldra elstu barnanna.	21. feb. – mömmur í morgunmat
5. mars '14 – eftir hádegi	Foreldraviðtöl eru í	10.-14. mars. – myndasýning Hk.
22. apríl '14 – allan daginn	október og	17.-21. mars – myndasýning Kk.
28. maí '14 – allan daginn	janúar-febrúar.	8. maí - opið hús síðdegis
		5. júní – elstu börnin kveðja

Dagsetningar eru með fyrirvara um breytingu – allir viðburðir eru auglýstir nánar með tímasetningu. Þegar skipulagsdagur er eftir hádegi, þarf að sækja börnin kl. 12.15

Fundur starfsmanna:

Deildarstjórafundir eru á mánudögum kl. 10.15-11.00 (28. okt., 27. jan. og 12. maí kl. 9.30-11.15).

Deildarfundir eru tvisvar í mánuði fyrir hverja deild: Ak. og Kk. á miðvikudögum, Fk. og Hk. á fimmtudögum, kl. 8.45-9.30.

Starfsmannafundir utan vinnutíma: einn að hausti og einn að vori – 23. október og 11. júní kl. 17,00-18,45.

Sjá einnig dagatal foreldra þar sem ýmsir viðburðir eru út frá starfi með börnunum.

5.6.2 Leikskóladagatal – fylgirit

Dagatal foreldra 2013-2014

Ágúst -September	Október	Nóvember	Desember
19. ágúst Skipulagsdagur eftir hádegi frá kl. 12.15 2.-6. september Græn vika 16. sept. dagur ísl. náttúru Foreldrafundur verða að morgni kl. 8.30-9.15 18. sept. fyrir foreldra barna á Hrafna- og Kríukletti 19. sept. fyrir foreldra barna á Fálka- og Arnarkletti 22. september Jafndægur að hausti 26. og 27. september Skipulagsdagur allan daginn báða dagana	1. október Ömmu og afa kaffi á deildum síðdegis kl. 15.30-16.30 7.-11 eða 14.-18. október Bleik vika 7. okt – 1. nóv. Foreldraviðtöl á deildum 21.-25. október Bangsavika, bangsaball 25. október 1. vetrardagur v/26.okt.	4. -8. nóv Munstur vika 4.-8. nóvember Fálkaklettur Myndasýning fyrir foreldra 10. nóv. Feðradagur 12. nóvember Skipulagsdagur eftir hádegi frá kl. 12.15 11.-15. nóvember Arnarklettur Myndasýning fyrir foreldra 15. nóvember Bókadagur v/dagur ísl. tungu 16. nóv. 29. nóvember Fullveldishátíð í Glym, aðventa	9.-13. desember Rauð vika Jóladagskrá allan desember Dagskrá verður send heim þar sem tilgreindir eru ýmsir viðburðir og fræðsluáherslur t.d. jólaball m/gesti, kirkjuferð, ferð í Húsdýragarðinn ath. það fara ekki öll börn í kirkjuferð og húsdýragarðinn 13. desember Jólaveinahúfu- dagur 21. desember Vetrarsólstöður

Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní
6. janúar Hattadagur v/jólin kvöld 6.-10. janúar Hvít vika 7. janúar Skipulagsdagur eftir hádegi frá kl. 12.15 13.-24. janúar Arnarklettur og Fálkaklettur foreldraviðtöl 15. janúar Foreldrafundur m/ foreldrum elstu barnanna 18. janúar Vasaljósadagur 24. janúar Bóndadagur þöbbum boðið í morgunmat	3.-7. febrúar Blá vika og tannverndarvika 3.-14. febrúar Hrafnaklettur og Kríuklettur Foreldraviðtöl 21. febrúar Konudagur 23. Febr. mömum boðið í morgunmat febrúar??? Góðverkavikadagur??	5. mars Öskudagur – furðufataball fyrir hádegi 5. mars Skipulagsdagur eftir hádegi frá kl. 12.15 10.-14. mars Hrafnaklettur Myndasýning fyrir foreldra 17.-21. mars Kríuklettur Myndasýning fyrir foreldra 20. mars Jafndægur að vori	7.-11. apríl Gul vika 16. apríl Rugldagur 22. apríl Skipulagsdagur allan daginn 23. apríl Blómaball v/ sumardagurinn fyrsti	5.-9. maí Appelsínugul vika 8. maí Opið hús fyrir gesti og gangandi síðdegis, verður auglýst sérstaklega 11. maí Mæðradagur 17. maí Sólgleraugnadagur 28. maí Skipulagsdagur allan daginn 30. maí Afmæli Klettaborgar v/1. júní = 24 ára	Fyrsta sunnudag Sjómannasunnudagur 5. júní Elstu börnin kveðja kl. 17.00 Samverustund með börnum og fjölskyldum þeirra 9.-16. júní Bæjarferð v/17. júní-fræðsla fyrir eldri börnin 18.-27. júní Íþróttahátíð, veðrið ræður vali á deginum 19. júní Kvenréttindadagurinn 20. júní Höfuðfatadagur 21. júní Sumarsólstöður 24. júní Jónsmessa

Litavíkur – síðasta dag litavíkkunnar þ.e. föstudaginn, er skemmtilegt að allir sem geta, verði klæddir á einhvern hátt í samræmi við litinn.

Fræðslustarf – áherslur deilda

Hrafnaklettur og Kríuklettur	Fálkaklettur og Arnarklettur	Annað
Eftir áramót er unnið með þjóðsögu.		http://klettaborg.is
Lögð er áhersla á að vera í hóp. Börnin eru að æfa sig að vera saman. Í vinnustundum eru börnin til skiptis í ýmsum verkefnum inni og úti. Á Kríukletti er áhersla á könnunarleikinn og á Hrafnakletti er áhersla á einingakubbana. Í samverustundum er áhersla á söng og lestur. Unnið er með þulu í hverjum mánuði.	Um haustið er byrjað á að vinna með hópefli, vináttu, samskipti og hjálpsami Einnig er unnið með þulu í hverjum mánuði. Eftir áramót verður unnið með þjóðsögu. Veðurfræðingur á báðum deildum. Könnunaraðferðin er leiðandi í vinnu með börnunum og áhugasvið barnanna látið ráða ferðinni. Gönguferðir.	Allar deildir vinna með árstíðirnar. Um vorið er umferðarfræðsla. Þorablót er á þorranum. Barnamenningarhátíð í Reykjavík. Skemmtiferð elstu barnanna er í maí. Fréttabréf frá hópnum fer heim með upplýsingum um starfið. Sveitaferð í samstarfi við foreldrafélagið, annað hvert ár.
Kríuklettur og Hrafnaklettur vinna saman með ýmiss verkefni t.d. gönguferðir.	Elstu börnin (sem eru á síðasta ári í leikskólanum) Um haustið er byrjað að vinna með hópefli, vináttu og samskipti. Í nóvember verður byrjað á “borgarverkefni” sem unnið verður með til vors. Byrjað verður á því að skoða okkar hverfi og búsetu og í lokin er tengd saman umfjöllun um ýmsa þætti í borgarsamfélagi. Inní þetta fléttast verkefni með talnagildi, verkefni tengd hljóðgreiningu o.fl.. Inní elstu barna starfið fléttast áhersla leikskólans eftir áramót þ.e. þjóðsaga.	Foreldraráð Klettaborgar Foreldrafélag Klettaborgar Foreldraráð starfar samkv. lögum um leikskóla og gefur m.a. umsögn um starfsáætlun og námskrá. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins og í foreldraráðið á haustfundi foreldra í leikskólanum. Tilgangur foreldrafélagsins er m.a. að efla tengsl barna og foreldra og styðja við ákveðna starfsemi í leikskólanum. Foreldrafélagið gefur út fréttabréf þar sem starfsemin er kynnt.
Fyrir áramót verður áhersla á ýmiss dýr.		

5.6.3 Umsögn foreldraráðs – fylgirit

Skýrsla foreldraráðs Klettaborgar 2012-2013

Matið fór fram í apríl 2013. Við undirrituð í foreldraráði Klettaborgar heimsóttum allar deildir leikskólans og skoðuðum starfið út frá þema vetrarins þar sem unnið var með þjóðsöguna *Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn*. Þá skoðuðum við einnig leik í starfi og viðfangsefni með hliðsjón af Ecers kvarðanum.

Starfið

Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn

Kennarar á deildum hófu þemavinnuna í janúar á að kynna söguna fyrir börnunum og lesa hana fyrir þau, næði í bókum og á loðtöflu þar sem myndir voru settar upp og texti lesinn. Kennarar fengu börnin til að taka meiri þátt með því að stoppa lesturinn og spyrja þau út úr sögunni og fá þau til að aðstoða við frásögnina.

Kennarar fóru í göngutúra um hverfið með börnin og skoðuðu umhverfið út frá sögunni, gróður og blettir á steinum útskýrðir með sögunni. Börnin voru virk og fannst gaman. Þau tóku með sér steina til að setja á sameiginlegt verk fyrir hverja deild. Sameiginlega verkið var stórt spjald þar sem söguvið sögunnar var búið til og komu öll börn á deildinni að gerð verksins með litum, steinum og ýmsum öðrum efnivið. Mjög gaman að sjá muninn á sameiginlegum verkefnum yngri og eldri deilda og hvernig vinna þeirra þroskast með aldrinum. Börnin höfðu gert mjöltunnur úr sögunni, gullsnúða, himnastiga o.fl. úr sögunni og þá var stór sameiginlegur himnastigi allra barna í Glym.

Ýmis orð, orðtök og málshættir úr sögunni og í tengslum við hana voru skoðuð, hvað þau þýða og hvernig þau eru notuð. Vísanir í söguna voru upp um alla veggj á deildunum, textabrot úr sögunni og myndir sem börnin höfðu teiknað auk brota úr sögunni sem börnin höfðu endursagt og kennarar skrifað niður. Endursögn á sögu og söngvar um efnið einkenndu starfið þannig að tónlistin tengdist efninu. Börnin lærðu þulur í tengslum við söguna, sungu texta og hlustuðu saman. Mikil áhersla á framsögn jafnt og hlustun í öllu starfi og börnin dugleg og virk þrátt fyrir ungan aldur.

Þá fengu foreldrar söguna heim með börnunum og orðskýringar og voru hvattir til að lesa söguna með þeim og þannig taka þátt í starfinu að heiman. Þá var sýning á þemaverkefnum barnanna á opnu húsi Klettaborgar um miðjan apríl og fengu foreldrar þá að sjá glæsilegan afrakstur vinnu barna þeirra og kennara.

Leikur/viðfangsefni á Klettaborg

Í heimsóknum okkar skoðuðum við einnig leik í starfi og viðfangsefni út frá Ecers kvarðanum. Þar eru níu atriði upptalin; Fínhreyfingar/skynjun, myndið og mótun, tónlist og hreyfing, byggingarleikir, sandur og vatn, hlutverkaleikir, náttúra/vísindi/tilraunaleikir, stærðfræði (tölur, fjöldi, magn ofl.) og loks mismunandi menning. Hverju atriði er gefin einkunn í tölum frá 1 og upp í 7 og er 1-2 ófullnægjandi, 3-4 lágmark, 5-6 gott og loks 7 mjög gott.

Út frá okkar skoðun, og reynslu af okkar eigin börnum á leikskólanum í því hvernig við upplifum starfið í kringum þau, töldum við öll atriðin skora á bilinu 5 til 7 í Klettaborg. Við teljum yfirleitt góðan efnivið vera til staðar til náms á Klettaborg og að kennarar séu duglegir að gera það besta úr því sem til er. Auk þess sé næsta umhverfi í kringum leikskólann skemmtilegt og kennarar noti það í starfinu einnig. Þá sé starfið jafnframt markvisst og viðfangangsefni vel skipulögð út frá þörfum barna og efnivið.

Samantekt út frá námsmarkmiðum:

Á heimasíðu Klettaborgar segir í formála að námskrá:

Áhersla er lögð á gott og frjótt málumhverfi og að gleði, virðing og öryggi sé ríkjandi í samskiptum og umhverfi barnsins.

Hugmyndin er sótt til margra kennimanna, en mest þó í smíðju Johns Deweys. Hann leggur áherslu á að barnið sé sjálfstæður, hugsandi einstaklingur sem byggir á eigin reynslu til að þroskast og læra. Þar er málið ein af mikilvægustu leiðunum sem barnið hefur.

Við teljum að starfsfólk Klettaborgar framfylgi þessum áherslum í starfi sínu, bæði hvað varðar þemavinnu og annað starf. Þegar við skoðuðum námskrána í tengslum við það sem við sáum í heimsóknum okkar og út frá okkar eigin börnum fengum við ekki betur séð en starfsfólk vinni markvisst að því að framfylgja námskránni í starfinu öllu. Mikil áhersla er á að börnin séu virkir þátttakendur í starfinu og stuðlað er að því að börnin öðlist sjálfstæði, sterka sjálfsmynd og sjálfstraust auk þess sem þau læra að bera virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu og taka tillit til annarra.

Foreldraráð Klettaborgar 2012-2013

Ásgeir Þórðarson

Björn Fannar Björnsson

Elín Heiður Gunnarsdóttir